Tegund áburðargjafar	Vallisti: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Venjuleg</li> <li>• Síðbúin</li> </ul>	Val með <b>örvahnöppum</b> staðfest með <b>Enter-hnappi</b>
Uppsetningarhæð	Færð inn í cm Vallisti: 0/6, 40/40, 50/50, 60/60, 70/70, 70/76	Val með <b>örvahnöppum</b> staðfest með <b>Enter-hnappi</b>
Færa inn kennig. breiddar	Til að færa inn kennigildi breiddar úr dreifitöflu. Nauðsynlegt fyrir útreikning OptiPoint	
Framleiðandi	Til að færa inn framleiðanda áburðar.	
Innihaldsefni	Prósentuhlutfall efnasamsetningar.	
Reikna út OptiPoint	<b>Aðeins á AXIS</b> Til að færa inn færíbreytur fyrir GPS Control	<a href="#">bls. 50</a>
Fjarlægð kveikt (m)	Sýnir fjarlægð til að kveikja.	<a href="#">bls. 96</a>
Fjarlægð slökkt (m)	Sýnir fjarlægð til að slökkva.	<a href="#">bls. 97</a>
GPS Control upplýsingar	Sýnir upplýsingar um færíbreytur fyrir GPS Control.	<a href="#">bls. 51</a>
Dreifitafla	Umsjón með dreifitöflum.	<a href="#">bls. 52</a>

### 4.6.1 Dreifimagn

Í þessari valmynd er hægt að færa inn hvert dreifimagnið á að vera.

#### **Dreifimagn fært inn:**

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Dreif. (kg/ha)**.
  - ▷ Skjárinn sýnir dreifimagnið **hverju sinni**.
2. Færið nýja gildið inn í innsláttarreitinn.  
Sjá kafla [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84](#).
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ **Nýja gildið er vistað í stjórn tölvunni.**

### 4.6.2 Vinnslubreidd

Í þessari valmynd er hægt að stilla vinnslubreidd (í metrum).

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Vinnslubreidd (m)**.
  - ▷ Skjárinn sýnir vinnslubreiddina **hverju sinni**.
2. Færið nýja gildið inn í innsláttarreitinn.  
Sjá kafla [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84](#).
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ **Nýja gildið er vistað í stjórn tölvunni.**



### 4.6.3 Rennslisstuðull

Rennslisstuðullinn er á bilinu **0,2 til 1,9**. Ef grunnstillingar (km/klst., vinnslubreidd, kg/ha) eru óbreyttar á eftirfarandi við:

- Þegar rennslisstuðullinn er **aukinn minnkar** skömmtunarstærðin.
- Þegar rennslisstuðullinn er **minnkaður eykst** skömmtunarstærðin.

Villuboð birtast þegar rennslisstuðullinn er utan tilgreindra marka. Sjá [6: Viðvörðunarbóð og mögulegar orsakir, bls. 99](#). Við dreifingu á lífrænum áburði eða hrísgrjónum verður að minnka lágmarksstuðulinn niður í 0,2. Þannig má komast hjá því að villuboðin birtist stöðugt.

Ef rennslisstuðullinn liggur fyrir úr fyrri dreifingarprófunum eða dreifitöflunni er hægt að færa hann inn **handvirkt** í þessari valmynd.

#### ATHUGIÐ

Með valmyndinni **Dreifingarprófun** er hægt að finna út rennslisstuðulinn með stjórn tölvunni QUANTRON-A og færa hann inn.

Sjá kafla [4.6.6: Dreifingarprófun, bls. 46](#)

**Eiginleikinn M EMC** finnur út rennslisstuðulinn sérstaklega fyrir hverja dreifingarhlið. Því þarf ekki að færa hann inn handvirkt.

#### ATHUGIÐ

Útreikningur á rennslisstuðli fer eftir því hvaða vinnslumáti er notaður. Nánari upplýsingar um rennslisstuðul er að finna í kaflanum [4.7.2: AUTO/MAN-vinnsla, bls. 58](#).

**Rennslisstuðull færður inn:**

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Rennslisstuðull**.
  - ▷ Skjáriinn sýnir rennslisstuðulinn **sem stillt er á hverju sinni**.
2. Færið nýja gildið inn í innsláttarreitinn.
  - Sjá kafla [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84](#).

#### ATHUGIÐ

Ef áburðurinn sem er notaður kemur ekki fram í dreifitöflunni skal færa inn rennslisstuðulinn **1,00**.

Í **vinnslumátunum AUTO km/h** og **MAN km/h** mælum við eindregið með því að **dreifingarprófun** fari fram til þess að reikna rennslisstuðulinn fyrir áburðinn nákvæmlega út.

3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ **Nýja gildið er vistað í stjórn tölvunni.**

## ATHUGIÐ

**AXIS-M EMC (+W)**

Við mælum með því að rennslisstuðullinn sé sýndur á vinnslumyndinni. Þannig er hægt að fylgjast með stjórnun massastreymis meðan á dreifingu stendur. Sjá kaflann [4.10.2: Skjámyndaval, bls. 72](#) og kaflann [4.7.2: AUTO/MAN-vinnsla, bls. 58](#).

**Lágmarksstuðull**


Samkvæmt gildinu sem er fært inn fyrir rennslisstuðul stillir vélarstýringin lágmarksstuðulinn sjálfkrafa á eitthvert eftirfarandi gilda:

- Lágmarksstuðullinn er 0,2 þegar gildið sem fært er inn er lægra en 0,5.
- Lágmarksstuðullinn er endurstilltur á 0,4 ef fært er inn gildi sem er hærra en 0,5.

**Rennslisstuðull sýndur með eiginleikanum M EMC (aðeins á AXIS)**

Í undirvalmyndinni **Rennslisstuðull** er alltaf fært inn gildi fyrir rennslisstuðul. Meðan á dreifingu stendur og þegar **eiginleikinn M EMC** er virkur stýrir stjórn tölvan skömmtunaropunum vinstra og hægra megin hins vegar með aðskildum hætti. Bæði gildin koma fram á vinnslumyndinni.

Þegar ýtt er á **Start/Stop**-hnappinn uppfærir skjárin upplýsingarnar um rennslisstuðul með dálítilli töf. Að því loknu eru upplýsingarnar uppfærðar með reglulegu millibili.



**Mynd 4.11:** Rennslisstuðli vinstra og hægra megin stjórnað með aðskildum hætti (eiginleikinn M EMC virkur)

- [1] Rennslisstuðull fyrir skömmtunarop hægra megin  
 [2] Rennslisstuðull fyrir skömmtunarop vinstra megin

#### 4.6.4 Útrennslisstaður

##### ATHUGIÐ

Að færa inn útrennslisstað með **AXIS-M Q** er eingöngu til upplýsinga og hefur engin áhrif á stillingar áburðardreifarans.

Í þessari valmynd er hægt að færa inn upplýsingar um útrennslisstað.

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Útrennslisstaður**.
2. Finnið stöðuna fyrir útrennslisstaðinn í dreifitöflunni.
3. Færið gildið inn í innsláttarreitinn.  
Sjá kafla [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84](#).
4. Ýtið á **Enter-hnappinn**.  
▷ **Glugginn Áburðarstillingar með nýja útrennslisstaðnum birtist á skjánum.**

#### 4.6.5 TELIMAT-magn

Í þessari valmynd er hægt að stilla minnkun TELIMAT-magns (í prósentum). Þessi stilling er notuð þegar eiginleikinn fyrir jaðardreifingu er virkjaður með TELIMAT-skynjaranum eða með **T-hnappinum**.

##### ATHUGIÐ

Mælt er með því að minnka dreifimagnið um 20 % jaðarmegin.

**TELIMAT-magn fært inn:**

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > TELIMAT-magn**).
2. Færið gildið inn í innsláttarreitinn.  
Sjá kafla [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84](#).
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.  
▷ **Glugginn „Áburðarstillingar“ með nýja TELIMAT-magninu birtist á skjánum.**

### 4.6.6 Dreifingarprófun

#### ATHUGIÐ

Valmyndin **Dreifingarprófun** er læst fyrir **eiginleikann M EMC** og í vinnslumátanum **AUTO km/h + AUTO kg**. Þetta valmyndaratriði er óvirkt.

Í þessari valmynd er rennslisstuðullinn fundinn út frá dreifingarprófun og vistaður í stjórn tölvunni.

Framkvæmið dreifingarprófun:

- Áður en dreifarinn er notaður í fyrsta sinn.
- Þegar miklar breytingar verða á eiginleikum áburðarins (raki, mikið ryk, kornamulningur).
- Þegar ný áburðartegund er notuð.

Framkvæma verður dreifingarprófun í kyrrstöðu með aflúttakið í gangi eða í akstri á sérstakri prófunarleið.

- Takið báðar dreifiskífurnar af.
- Færið útrennslisstaðinn í stöðu fyrir dreifingarprófun (AGP 0).

**Vinnsluhraði færður inn:**

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Hefja dreifingarprófun**.
2. Færið inn miðlungs vinnsluhraða.

Þetta gildi er nauðsynlegt fyrir útreikning á stöðu skömmtunaropa við dreifingarprófun.

3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.

- ▷ Nýja gildið er vistað í stjórn tölvunni.
- ▷ Á skjánum birtist viðvörunin **Færa á útrennslisstað (aðeins á AXIS)**.

#### ▲ VARÚÐ



#### Slysaþætta vegna sjálfvirkrar færslu á útrennslisstað

Á vélum með rafstýrðum hreyfiliðum fyrir útrennslisstað birtist viðvörunin **Færa á útrennslisstað**. Þegar ýtt er á **Start/Stop**-aðgerðahnappinn er útrennslisstaðurinn færður sjálfkrafa á forstillt gildi með rafstýrðum stýritjökkum. Þetta getur valdið meiðslum og tjóni.

- ▶ Áður en ýtt er á **Start/Stop** skal ganga úr skugga um að **ekkert fólk** sé á hættusvæðinu umhverfis vélina.

4. Ýtið á **Start/Stop**-hnappinn.

- ▷ Fært er á útrennslisstað.
- ▷ Viðvörunin hverfur.
- ▷ Á skjánum birtist vinnslumyndin **Dreifingarprófun undirbúin**.



#### Hlutabreidd valin:

5. Veljið á hvaða hlið dreifarans dreifingarprófunin á að fara fram.
    - Ýtið á aðgerðahnapp **F1** til að velja **vinstri** hlið dreifarans.
    - Ýtið á aðgerðahnapp **F4** til að velja **hægri** hlið dreifarans.
- ▷ **Táknið fyrir valda hlið dreifarans er með rauðum bakgrunni.**

#### Dreifingarprófun framkvæmd:

#### ▲ VIÐVÖRUN



#### Slyshætta meðan á dreifingarprófun stendur

Vélarhlutar sem snúast og áburður sem kastað er út geta valdið meiðslum.

- ▶ **Áður en byrjað er** á dreifingarprófun skal ganga úr skugga um að öll skilyrði séu uppfyllt.
- ▶ Farið eftir því sem fram kemur í kaflanum **Dreifingarprófun** í notendahandbók vélarinnar.

6. Ýtið á **Start/Stop**-hnappinn.

- ▷ Skömmtunaropið fyrir hlutabreiddina sem var valin opnast og dreifingarprófunin hefst.
- ▷ Skjárinn sýnir vinnslumyndina **Dreifingarprófun framkvæmd**.

#### ATHUGIÐ

Hægt er að stöðva dreifingarprófunina hvenær sem er með því að ýta á **ESC-hnappinn**. Skömmtunaropið lokast og skjárinn sýnir valmyndina **Áburðarstillingar**.

#### ATHUGIÐ

Það hversu langan tíma dreifingarprófunin tekur hefur engin áhrif á það hversu nákvæmar niðurstöðurnar eru. Hins vegar ætti að dreifa **að minnsta kosti 20 kg**.

7. Ýtið aftur á **Start/Stop**-hnappinn.

- ▷ Dreifingarprófuninni er lokið.
- ▷ Skömmtunaropið lokast.
- ▷ Skjárinn sýnir valmyndina **Færa inn magn sem var dreift**.

## Rennslisstuðull endurreiknaður

### ▲ VIÐVÖRUN



#### Slyshætta vegna vélarhluta sem snúast

Ef komið er við vélarhluta sem snúast (driftskaft, nafir) er hættu á að merjast, skerast eða klemmast á milli. Líkamshlutar eða munir geta flækst í vélarhlutum og dregist inn.

- ▶ Drepið á dráttarvélinni.
  - ▶ Slökkvið á aflúttakinu og komið í veg fyrir að óviðkomandi geti sett það í gang.
- 

8. Vigið magnið sem var dreift (takið tillit til tómaþyngdar ílátsins).

9. Færið inn þyngd magnsins sem var dreift.

Sjá kafla [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84.](#)

10. Ýtið á **Enter-hnappinn**.

- ▷ Nýja gildið er vistað í stjórn tölvunni.
  - ▷ Skjárinn sýnir valmyndina **Útreikningur á rennslisstuðli**.
- 

### ATHUGIÐ

Rennslisstuðullinn verður að vera á bilinu 0,4 til 1,9.

---

11. Ákvarðið rennslisstuðulinn.

Til þess að staðfesta **nýjan útreikning** á rennslisstuðli skal ýta á **Enter-hnappinn**.

Til þess að staðfesta rennslisstuðulinn **sem var vistaður áður** skal ýta á **ESC-hnappinn**.

- ▷ **Rennslisstuðullinn er vistaður.**
- ▷ **Skjárinn sýnir valmyndina Áburðarstillingar.**

#### 4.6.7 Gerð dreifiskífu

##### ATHUGIÐ

Til þess að **tómagangsmælingin skili sem bestum niðurstöðum** skal ganga úr skugga um að réttar upplýsingar hafi verið færðar inn í valmyndinni **Áburðarstillingar**.

- Það sem fært er inn í valmyndaratriðunum **Dreifiskífa** og **Aflúttak** verður að samræmast raunverulegum stillingum vélarinnar.

Uppsett gerð dreifiskífu er stillt inn í stjórn tölvuna í verksmiðju. Ef önnur gerð dreifiskífa er sett upp á vélinni skal færa rétta gerð inn í stjórn tölvunni.

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Dreifiskífa**.
2. Merkið við rétta gerð dreifiskífu með stikunni í vallistanum.
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Hakað er við valda gerð dreifiskífu.
4. Ýtið á **ESC-hnappinn**.
  - ▷ **Skjárinn sýnir gluggann Áburðarstillingar með nýrri gerð dreifiskífu.**

#### 4.6.8 Aflúttak

##### ATHUGIÐ

Til þess að **tómagangsmælingin skili sem bestum niðurstöðum** skal ganga úr skugga um að réttar upplýsingar hafi verið færðar inn í valmyndinni **Áburðarstillingar**.

- Það sem fært er inn í valmyndaratriðunum **Dreifiskífa** og **Aflúttak** verður að samræmast raunverulegum stillingum vélarinnar.

Snúningshraði aflúttaks í stjórn tölvunni er stilltur á 540 sn./mín. í verksmiðju. Vilji notandi stilla á annan snúningshraða aflúttaks skal breyta vistaða gildinu í stjórn tölvunni.

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Aflúttak**.
2. Færið inn snúningshraða.
  - Sjá kafla [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84](#).
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ **Skjárinn sýnir gluggann Áburðarstillingar með nýjum snúningshraða aflúttaks.**

##### ATHUGIÐ

Farið eftir því sem fram kemur í kaflanum: [Stjórnun massastreymis með eiginleikanum M EMC, bls. 90](#).





**ATHUGIÐ**

Hægt er að breyta gildum færíbreytanna handvirkt á þessari síðu. Sjá kafla [5.7: GPS Control, bls. 95](#).

**Gildum breytt**

6. Veljið viðkomandi atriði.
7. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
8. Færið inn ný gildi.
9. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
10. Merkið valmyndaratriðið **Samþykkja gildi**.
11. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Á skjánum birtist valmyndin **GPS Control upplýsingar**.
  - ▷ **Útreikningur á OptiPoint hefur farið fram**.
  - ▷ **Stjórn tölvan skiptir yfir í gluggann „GPS Control upplýsingar“**.

**4.6.10 GPS Control upplýsingar**

Í valmyndinni **GPS Control upplýsingar** koma fram upplýsingar um reiknuð stillingagildi í valmyndinni **Reikna út OptiPoint**.

- Færa skal gildin sem hér koma fram **handvirkt** yfir í samsvarandi stillingavalmynd í GPS-stöðinni.

**ATHUGIÐ**

Þessi valmynd er eingöngu til upplýsinga.

- Farið eftir því sem fram kemur í notendahandbók GPS-stöðvarinnar.

4.6.11 Dreifitafla

Í þessum valmyndum er hægt að búa til og vinna með **dreifitöflur**.


**ATHUGIÐ**

Val á dreifitöflu hefur áhrif á áburðarstillingarnar, á stjórn tölvuna og á þyrildreifarann fyrir steinefnaáburð. Skrifað er ofan í innstillt dreifimagn með vistaða gildinu úr dreifitöflunni.

**Ný dreifitafla búin til**

Hægt er að búa til allt að **30** dreifitöflur í stjórn tölvunni.

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Dreifitafla**.



**Mynd 4.13:** Valmyndin „Dreifitafla“

- [1] Reitur fyrir heiti dreifitöflu
- [2] Vísir fyrir virka dreifitöflu
- [3] Vísir fyrir dreifitöflu með útfylltum gildum

2. Merkið **reitinn fyrir heiti** tómrar dreifitöflu.
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Skjárinn sýnir valgluggann.
4. Merkið valkostinn **Opna atriði ....**
5. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Skjárinn sýnir valmyndina **Áburðarstillingar** og valda atriðinu er hlaðið sem **virtri dreifitöflu** í áburðarstillingunum.
6. Merkið valmyndaratriðið **Heiti áburðar**.
7. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
8. Færið inn heiti fyrir dreifitöfluna.

**ATHUGIÐ**

Við mælum með því að heiti áburðarins sé notað fyrir dreifitöfluna. Þannig verður auðveldara að tengja tiltekinn áburð við dreifitöflu.

## 9. Breytið færíbreytum dreifitöflunnar.

Sjá kafla [4.6: Áburðarstillingar í Expert-stillingu, bls. 39.](#)

### Dreifitafla valin:

1. Opnið valmyndina **Áburðarstillingar > Dreifitafla.**
2. Merkið viðkomandi dreifitöflu.
3. Ýtið á **Enter-hnappinn.**
  - ▷ Skjárinn sýnir valgluggann.
4. Merkið valkostinn **Opna atriði ...**
5. Ýtið á **Enter-hnappinn.**
  - ▷ **Skjárinn sýnir valmyndina Áburðarstillingar og valda atriðinu er hlaðið sem virkri dreifitöflu í áburðarstillingunum.**

### ATHUGIÐ

Þegar fyrirbyggjandi dreifitafla er valin er skrifað ofan í öll gildi í valmyndinni **Áburðarstillingar** með vistuðu gildunum úr völdu dreifitöflunni, meðal annars útrennslisstaður og snúningshraði aflúttaks.

- **Vél með rafstýrðum hreyfiliðum fyrir útrennslisstað:** Vélarstýringin færir hreyfiliðana fyrir útrennslisstaðinn á gildið sem er vistað í dreifitöflunni.

### Fyrirliggjandi dreifitafla afrituð

1. Merkið viðkomandi dreifitöflu.
2. Ýtið á **Enter-hnappinn.**
  - ▷ Skjárinn sýnir valgluggann.
3. Merkið valkostinn **Afrita atriði.**
4. Ýtið á **Enter-hnappinn.**
  - ▷ **Afrit af dreifitöflunni er nú í fyrsta lausa stæðinu í listanum.**

### Fyrirliggjandi dreifitöflu eytt

1. Merkið viðkomandi dreifitöflu.
2. Ýtið á **Enter-hnappinn.**
  - ▷ Skjárinn sýnir valgluggann.
3. Merkið valkostinn **Eyða atriði.**
4. Ýtið á **Enter-hnappinn.**
  - ▷ **Dreifitöflunni er eytt af listanum.**

## 4.7 Vélarstillingar

## ATHUGIÐ

Valmyndin **Vélarstillingar** er mismunandi á AXIS- og MDS-áburðardreifurum.

Í þessari valmynd eru valdar stillingar fyrir vélina og dráttarvélin.

- Opnið valmyndina **Vélarstillingar**.

Vélarstilling		1 / 2
Dráttarvél (km/klst.)		
AUTO/MAN-vinnsla		
+/- magn (%)		0
Merki tómagangsmælingar		✓
kg tæmingarskynj.		150
Easy toggle		

**Mynd 4.14:** Valmyndin „Vélarstillingar“ (dæmi)

Undirvalmynd	Merking	Lýsing
Dráttarvél (km/klst.)	Til að tilgreina eða kvarða hraðamerkið.	<a href="#">bls. 55</a>
AUTO- / MAN-vinnsla	Valið milli sjálfstýrðs og handstýrðs vinnslumáta.	<a href="#">bls. 58</a>
+/- magn	Forstilling fyrir minnkað dreifimagn fyrir mismunandi tegundir dreifingar.	<a href="#">bls. 61</a>
Merki tómagangsmælingar	Aðeins á AXIS-M EMC: Kveikt á hljóðmerki þegar sjálfvirk tómagangsmæling hefst.	
kg tæmingarskynjara	Til að færa inn afgangsmagn sem setur af stað viðvörðun með álagsnemunum.	
Easy toggle	<b>Aðeins fyrir AXIS:</b> Takmarkar skiptihnappinn L%/R% við tvenns konar stöðu	<a href="#">bls. 62</a>
Leiðrétting á dreifimagni L/R (%)	Leiðrétting misræmi milli stillingar á dreifimagni og raunverulegs dreifimagns. <ul style="list-style-type: none"> <li>• Leiðrétting í prósentum ýmist hægra eða vinstra megin</li> </ul>	

#### 4.7.1 Hraðakvörðun

Hraðakvörðunin er grundvallarskilyrði fyrir því að dreifingin verði nákvæm. Þættir eins og t.d. stærð hjólbarða, skipti á dráttarvél, fjórhjóladrif, spól dekkja, undirlag og þrýstingur í hjólbörðum hafa áhrif á ákvörðun aksturshraða og þar með einnig á það hvernig dreifingin kemur út.

##### Hraðakvörðun undirbúin:


Til þess að áburðinum sé dreift eins nákvæmlega og kostur er skiptir miklu máli að fjöldi hraðapúlsa á 100 m kafla sé reiknaður nákvæmlega.

- Framkvæmið kvörðunina á spildunni. Þannig hafa eiginleikar undirlagsins minni áhrif á niðurstöður kvörðunarinnar.
- Ákvarðið **100 m** langa viðmiðunarleið eins nákvæmlega og hægt er.
- Setjið aldrifið á.
- Fyllið vélina aðeins til hálf, ef það er hægt.

##### Hraðastillingar valdar:

Í stjórn tölvunni QUANTRON-A er hægt að vista allt að **fjögur mismunandi snið** fyrir gerð og fjölda púlsa. Hægt er að gefa þessum sniðum heiti (t.d. heiti dráttarvélar).

Áður en byrjað er að dreifa skal ganga úr skugga um að rétt snið hafi verið valið í stjórn tölvunni.



**Mynd 4.15:** Valmynd dráttarvélar (km/klst.)

- [1] Heiti dráttarvélar
- [2] Sýnir hvaðan púlсар fyrir hraðamerki koma
- [3] Sýnir fjölda púlса á 100 m
- [4] Undirvalmynd fyrir kvörðun dráttarvélar
- [5] Tákn fyrir minni fyrir snið 1 til 4

#### 1. Opnið valmyndina **Vélarstillingar > Dráttarvél (km/klst.)**.


Upplýsingarnar um heiti, uppruna og fjölda púlса eiga við fyrir sniðið með tákninu sem er með svörtum bakgrunni.

#### 2. Ýtið á aðgerðahnappinn (**F1-F4**) fyrir neðan minnistáknið.

**Hraðamerki kvarðað að nýju:**

Notandi getur annaðhvort skrifað ofan í fyrirliggjandi snið eða vistað snið í lausu stæði í minni.

1. Í valmyndinni **Dráttarvél (km/klst.)** skal merkja viðkomandi stæði í minni með aðgerðahnappinum þar fyrir neðan.
  2. Merkið reitinn **Kvarða að nýju**.
  3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
- ▷ **Skjárinn sýnir kvörðunarvalmyndina Dráttarvél (km/klst.).**



**Mynd 4.16:** Kvörðunarvalmynd dráttarvélar (km/klst.)

- [1] Reitur fyrir heiti dráttarvélar
- [2] Sýnir hvaðan hraðamerkið kemur
- [3] Sýnir fjölda púlsa á 100 m
- [4] Undirvalmynd fyrir sjálfvirka kvörðun
- [5] Púlsvaki ratsjarpúlsa
- [6] Púlsvaki hjólarpúlsa

4. Merkið reitinn fyrir heiti dráttarvélar.
5. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
6. Færið inn heiti fyrir sniðið.

**ATHUGIÐ**

Heitið má að hámarki vera **16 tákn** að lengd.

Til að gera heitið skýrara mælum við með því nota heiti dráttarvélarinnar.

Í kaflanum [4.13.1: Innsláttur texta, bls. 82](#) er fjallað um hvernig texti er sleginn inn í stjórn tölvunni.

7. Veljið hvaðan hraðamerkið kemur.
    - Fyrir **ratsjarpúlsa** skal ýta á aðgerðahnappinn **F1**.
    - Fyrir **hjólarpúlsa** skal ýta á aðgerðahnappinn **F2**.
- ▷ **Skjárinn sýnir púlsvakann.**

Næst þarf að ákvarða fjölda púlsa fyrir hraðamerkið. Ef nákvæmur fjöldi púlsa liggur fyrir er hægt að færa hann beint inn:

8. Opnið valmyndaratriðið **Dráttarvél (km/klst.) > Kvarða að nýju > Púlsar/100 m.**


▷ **Skjárinn sýnir valmyndina Púlsar til að færa púlsafjöldann inn handvirkt.**

Í kaflanum [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84](#) er fjallað um hvernig gildi eru færð inn í stjórnölvunni.

Ef nákvæmur fjöldi púlsa **liggur ekki fyrir** skal hefja **kvörðunarkeyrslu**.

9. Ýtið á aðgerðahnapp **F4 (100 m SJÁLFST.)**.

▷ Vinnslumyndin fyrir kvörðunarkeyrslu birtist á skjánum.



**Mynd 4.17:** Vinnslumynd fyrir kvörðunarkeyrslu hraðamerkis

- [1] Sýnir púlsa
- [2] Upphaf púlsaskráningar
- [3] Lok púlsaskráningar

10. Ýtið á aðgerðahnapp **F4** á upphafspunkti viðmiðunarleiðarinnar.

- ▷ Púlsafjöldinn er á núlli.
- ▷ Stjórnötlvan er tilbúin fyrir púlsatalningu.

11. Akið 100 m langa viðmiðunarleið.

12. Stöðvið dráttarvélina við enda viðmiðunarleiðarinnar.

13. Ýtið á aðgerðahnappinn **F1**.

- ▷ Skjárinn sýnir fjölda móttækinna púlsa.

14. Ýtið á **Enter**-hnappinn.

- ▷ **Nýi púlsafjöldinn er vistaður.**
- ▷ **Farið er aftur í kvörðunarvalmyndina.**

## 4.7.2 AUTO/MAN-vinnsla

Vinnslumátinn **AUTO** er sjálfvalinn. Stjórn tölvann stjórnar þá hreyfiliðum sjálfkrafa út frá hraðamerkinu.

Eingöngu er unnið með **handstýrðri** vinnslu í eftirfarandi tilvikum:

- ekkert hraðamerki er fyrir hendi (ratsjá eða hjólaskynjari ekki til staðar eða í ólagi),
- verið er að dreifa sniglakorni eða fræjum (smáfræjum).

**ATHUGIÐ**

Til þess að dreifa efninu sem jafnast er mikilvægt að **ekið sé á stöðugum hraða** þegar unnið er með handstýringu.

Valmynd	Merking	Lýsing
AUTO km/h + AUTO kg	<b>Aðeins á AXIS:</b> Val á sjálfstýrðri vinnslu með sjálfvirkri vigtun	<a href="#">bls. 58</a>
AUTO km/h	Val á sjálfstýrðri vinnslu	<a href="#">bls. 92</a>
MAN-kvarði	Stilling skömmunaropa fyrir handstýrða vinnslu	<a href="#">bls. 94</a>
MAN km/h	Stilling aksturshraða fyrir handstýrða vinnslu	<a href="#">bls. 93</a>

**Vinnslumáti valinn**

1. Kveikið á stjórn tölvunni QUANTRON-A.
  2. Opnið valmyndina **Vélarstillingar > AUTO/MAN-vinnsla**.
  3. Markið viðkomandi valmyndaratriði.
  4. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  5. Fylgið leiðbeiningunum á skjánum.
- Mikilvægar upplýsingar um notkun vinnslumáta við dreifingu er að finna í kaflanum [5: Dreifing með stjórn tölvunni QUANTRON-A, bls. 87](#).

**ATHUGIÐ**

Vinnslumátinn sem stillt er á kemur fram á vinnslumyndinni.

**AUTO km/h + AUTO kg: Sjálfstýrð vinnsla með sjálfvirkri stjórnun massastreymis:**

Vinnslumátinn **AUTO km/h + AUTO kg** stjórnar áburðarmagninu stöðugt meðan á dreifingu stendur til samræmis við hraða og rennliseiginleika áburðarins. Þannig er áburðurinn skammtaður á sem bestan hátt.



**AUTO km/h: Sjálfstýrð vinnsla****ATHUGIÐ**

Til þess að dreifingin skili sem bestum árangri skal framkvæma dreifingarprófun áður en byrjað er að dreifa.

1. Kveikið á stjórn tölvunni QUANTRON-A.
  2. Opnið valmyndina **Vélarstillingar > AUTO/MAN-vinnsla**.
  3. Merkið valmyndaratriðið **AUTO km/h**.
  4. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  5. Veljið áburðarstillingar:
    - Dreifimagn (kg/ha)
    - Vinnslubreidd (m)
  6. Fyllið karið af áburði.
  7. Framkvæmið dreifingarprófun til að ákvarða rennslisstuðulinn eða  
Finnið rennslisstuðulinn í meðfylgjandi dreifitöflu.
  8. Færið rennslisstuðulinn inn handvirkt.
  9. Ýtið á **Start/Stop-hnappinn**.
- ▷ **Byrjað er að dreifa.**

**MAN km/h: Handstýrð vinnsla**

1. Kveikið á stjórn tölvunni QUANTRON-A.
2. Opnið valmyndina **Vélarstillingar > AUTO/MAN-vinnsla**.
3. Merkið valmyndaratriðið **MAN km/h**.
  - ▷ Skjárinn sýnir innsláttargluggann **Hraði**.
4. Færið inn gildi fyrir aksturshraða meðan á dreifingu stendur.
5. Ýtið á **Enter-hnappinn**.

**ATHUGIÐ**

Til þess að dreifingin skili sem bestum árangri skal framkvæma dreifingarprófun áður en byrjað er að dreifa.

**MAN-kvarði: Handstýrð vinnsla með gildi á kvarða**

1. Opnið valmyndina **Vélarstillingar > AUTO/MAN-vinnsla**.
2. Merkið valmyndaratriðið **MAN-kvarði**.
  - ▷ Skjárinn sýnir valmyndina **Útrennslisop**.
3. Færið inn gildið á kvarðanum fyrir skömmtunaropið.
4. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - Sjá [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84](#).
  - ▷ **Stilling á vinnslumáta er vistuð.**


**ATHUGIÐ**

Til þess að dreifingin skili sem bestum árangri, einnig með handstýrðri vinnslu, mælum við með því að gildin fyrir skömmtunarop og aksturshraða úr dreifitöflunni séu notuð.

Í vinnslumátanum **MAN-kvarði** er hægt að breyta skömmtunaropinu handvirkt á meðan verið er að dreifa.

**Skilyrði:**

- Skömmtunaropin eru opin (virkjað með **Start/Stop**-hnappinum).
- Í vinnslumyndinni **MAN-kvarði** eru táknið fyrir hlutabreiddir með rauðum bakgrunni.



**Mynd 4.18:** Vinnslumyndin „MAN-kvarði“

[1] Sýnir stöðu kvarða fyrir skömmtunarop

5. Til þess að breyta skömmtunaropinu skal ýta á aðgerðahnappinn **F2** eða **F3**.
  - F2: MAN+** til þess að stækka skömmtunaropið.
  - F3: MAN-** til þess að minnka skömmtunaropið.

### 4.7.3 +/- magn

Í þessari valmynd er hægt að velja **breytingu á magni** í prósentum fyrir venjulega dreifingu.

Grunngildið (100 %) er forstillt gildi fyrir skömmtunaropið.

#### ATHUGIÐ

Meðan á vinnslu stendur er hvenær sem er hægt að breyta dreifimagninu með aðgerðahnöppunum **F2/F3** um sem nemur gildinu í **+/- magn**.

Með **C 100 %-hnappinum** er stillt aftur á forstillingarnar.

#### Minnkun á dreifimagni valin:

1. Opnið valmyndina **Vélarstillingar > +/- magn (%)**.
2. Færið inn um hversu mörg prósent á að breyta dreifimagninu.  
Sjá kafla [4.13.2: Gildi slegin inn með bendilhnöppunum, bls. 84](#).
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.

### 4.7.4 Merki tómangangsmælingar





Hér er hægt að kveikja og slökkva á hljóðmerki fyrir framkvæmd tómangangsmælingar.

1. Merkið valmyndaratriðið **Merki tómangangsmælingar**.
2. Virkið valkostinn með því að ýta á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Hak birtist á skjánum.
  - ▷ Þegar sjálfvirk tómangangsmæling er sett af stað heyrir merkið.
3. Gerið valkostinn óvirkan með því að ýta aftur á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Hakið hverfur af skjánum.

4.7.5 Easy Toggle (aðeins á AXIS)

Hér er hægt að takmarka skiptivirkni hnappsins **L%/R%** við tvenns konar stöður aðgerðahnappa **F1** til **F4**. Þannig getur notandi sparað sér óþarfa skiptingar í vinnslumynd.

1. Merkið undirvalmyndina **Easy Toggle**.
2. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Hak birtist á skjánum.
  - ▷ Valkosturinn er virkur.
  - ▷ Í vinnslumyndinni getur hnappurinn **L%/R%** eingöngu skipt á milli aðgerðanna fyrir breytingu á magni (L+R) og stjórnunar á hlutabreiddum (VariSpread).
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Hakið hverfur af skjánum.
  - ▷ Hægt er að skipta á milli ferns konar stöðu með hnappinum **L%/R%**.

Skipan aðgerðahnappa	Virkni
	Magni breytt báðum megin
	Magni breytt hægra megin <b>Falið þegar Easy Toggle-eiginleikinn er virkur</b>
	Magni breytt vinstra megin <b>Falið þegar Easy Toggle-eiginleikinn er virkur</b>
	Hlutabreiddir auknar eða minnkaðar

## 4.8 Hraðtæming

Hægt er að velja valmyndina **Hraðtæming** til þess að hreinsa vélina að lokinni dreifingu eða hreinsa afganga úr henni hratt.

Áður en vélin er sett í geymslu mælum við auk þess með því að skömmtunaropin séu **opnuð að fullu** með hraðtæmingunni og að slökkt sé á QUANTRON-A í þessari stöðu. Þannig er komið í veg fyrir að raki safnist upp í karinu.

### ATHUGIÐ

Ganga verður úr skugga um að öll skilyrði séu uppfyllt **áður en byrjað er** á hraðtæmingu. Farið eftir því sem fram kemur í notendahandbók áburðardreifarans („Afgangar tæmdir úr karinu“).

1. Opnið valmyndina **Aðalvalmynd > Hraðtæming**.


### ⚠ VARÚÐ



#### Slyshætta vegna sjálfvirkar færslu á útrennslisstað!

Á vélum með rafstýrðum hreyfiliðum fyrir útrennslisstað birtist viðvörðunin **Færa á útrennslisstað**. Þegar ýtt er á **Start/Stop**-hnappinn er útrennslisstaðurinn færður sjálfkrafa á forstillt gildi með rafstýrðum stýritjökkum. Þetta getur valdið meiðslum og tjóni.

- Áður en ýtt er á **Start/Stop**-hnappinn skal ganga úr skugga um að **ekkert fólk** sé á hættusvæðinu umhverfis vélina.



**Mynd 4.19:** Valmyndin „Hraðtæming“

- [1] Sýnir skömmtunarop
- [2] Tákn fyrir hraðtæmingu (hér: vinstri hliðin valin en ekki komin í gang)
- [3] Hraðtæming hægri hlutabreiddar (hér: ekki valin)
- [4] Hraðtæming vinstri hlutabreiddar (hér: valin)

2. Veljið hlutabreiddina þar sem framkvæma á hraðtæmingu með **aðgerðahnappinum**.

▷ Skjárinn sýnir valda hlutabreidd sem tákn.

3. Ýtið á **Start/Stop**-hnappinn.

▷ Hraðtæmingin hefst.

4. Ýtið aftur á **Start/Stop**-hnappinn.

▷ Hraðtæmingunni lýkur.

Á vélum með rafstýrðum hreyfiliðum fyrir útrennslisstað birtist viðvörðunin **Færa á útrennslisstað**.

5. Ýtið á **Start/Stop**-hnappinn.

▷ Viðvörðunin er staðfest.


▷ Rafstýrðu hreyfiliðarnir eru færðir á forstillt gildi.

6. Ýtið á **ESC**-hnappinn til að fara aftur í **aðalvalmyndina**.

## 4.9 Spilduskrá

Í þessari valmynd er hægt að búa til og vinna með allt að **200 spilduskrár**.

- Opnið valmyndina **Aðalvalmynd > Spilduskrá**.



**Mynd 4.20:** Valmyndin „Spilduskrá“

- [1] Sýnir síðufjölda
- [2] Sýnir að fyllt hafi verið út í spilduskrá
- [3] Sýnir að spilduskrá sé virk
- [4] Heiti spilduskrár
- [5] Aðgerðahnappur F4: Engin virkni
- [6] Aðgerðahnappur F3: Eyða spilduskrá
- [7] Aðgerðahnappur F2: Eyða öllum spilduskrám
- [8] Aðgerðahnappur F1: Engin virkni
- [9] Sýnir stæði í minni

### 4.9.1 Spilduskrá valin


Hægt er að velja vistaða spilduskrá aftur og halda skráningu áfram. **Ekki er skrifað ofan** í gögnin sem hafa þegar verið vistuð í spilduskránni, heldur er nýjum gildum **bætt við**.

#### ATHUGIÐ

Með örvahnöppunum til vinstri/hægri er hægt að fara fram og aftur um síður í spilduskránni.

1. Veljið viðkomandi spilduskrá.
2. Ýtið á **Enter**-hnappinn.
  - ▷ Skjárinn sýnir fyrstu síðuna í spilduskránni.

4.9.2 Skráning hafin



**Mynd 4.21:** Skjámynd spilduskrár


- [1] Sýnir síðufjölda
- [2] Reitur fyrir heiti spilduskrár
- [3] Reitur fyrir gildi
- [4] Sýna upphafstíma/-dagsetningu
- [5] Sýna lokatíma/-dagsetningu
- [6] Reitur fyrir áburðarheiti
- [7] Reitur fyrir heiti framleiðanda áburðar
- [8] Aðgerðahnappur til að ræsa
- [9] Aðgerðahnappur til að stöðva
- [10] Sýnir stæði í minni



3. Ýtið á aðgerðahnappinn **F1** fyrir neðan ræsingartáknið.
  - ▷ Skráningin hefst.
  - ▷ Valmyndin **Spilduskrá** sýnir **skráningartáknið** fyrir spilduskrána.
  - ▷ **Vinnslumyndin** sýnir **skráningartáknið**.

### ATHUGIÐ

Ef önnur spilduskrá er opnuð er þessi spilduskrá stöðvuð. Ekki er hægt að eyða virku spilduskránni.



**Mynd 4.22:** Skráningartákn á skjánum

[1] Skráningartákn

### 4.9.3 Skráning stöðvuð

1. Opnið fyrstu síðu virku spilduskrárinnar í valmyndinni **Spilduskrá**.
2. Ýtið á aðgerðahnappinn **F2** fyrir neðan stöðvunartáknið.
  - ▷ Skráningunni er lokið.

### 4.9.4 Spilduskrám eytt

Hægt er að eyða spilduskrám úr stjórn tölvunni QUANTRON-A.

#### ATHUGIÐ

Eingöngu innihaldi spilduskránna er eytt, heiti spilduskránna koma áfram fram í reitnum fyrir heiti!

---

#### Eyða spilduskrá

1. Opnið valmyndina **Spilduskrá**.
2. Veljið spilduskrá úr listanum.
3. Ýtið á aðgerðahnappinn **F3** fyrir neðan táknid til að **eyða** (sjá [Mynd 4.20](#)).
  - ▷ Völdu spilduskránni er eytt.

#### Öllum spilduskrám eytt

1. Opnið valmyndina **Spilduskrá**.
2. Ýtið á aðgerðahnappinn **F2** fyrir neðan táknid til að **eyða öllum** (sjá [Mynd 4.20](#)).
  - ▷ Tilkygning birtist um að gögnum verði eytt (sjá [6.1: Merking viðvörunarboða, bls. 99](#)).
3. Ýtið á **Start/Stop**-hnappinn.
  - ▷ Öllum spilduskrám er eytt.

## 4.10 Kerfi/prófun

Í þessari valmynd eru valdar stillingar fyrir kerfi og prófanir á stjórn tölvunni.

- Opnið valmyndina **Aðalvalmynd > Kerfi/prófun**.

Kerfi/prófun		1/2
<b>Birtustig</b>		
Tungumál		
Skjámyndaval		
Stilling	Expert	
Prófun/greining		
Dagsetning	09.07.18	
Tími	09:25	

Kerfi/prófun		2/2
<b>Gagnaflutningur</b>		
Heildargagnamælir		
Eining	metrakerfi	
Þjónusta		

**Mynd 4.23:** Valmyndin „Kerfi/prófun“

Undirvalmynd	Merking	Lýsing
Birtustig	Stilling birtingar á skjánum.	Stillingunni er breytt með aðgerðahnöppunum + og -.
Tungumál	Stilling á tungumáli valmyndar.	<a href="#">bls. 71</a>
Skjámyndaval	Valið hvað kemur fram á vinnslumyndinni.	<a href="#">bls. 72</a>
Stilling	Stilling á því hvaða viðmótsstilling er notuð Fyrir eiginleikann <b>EMC</b> er sjálfkrafa stillt á <b>Expert-stillingu</b> .	<a href="#">bls. 73</a>
Prófun/greining	Athugun á hreyfiliðum og skynjurum.	<a href="#">bls. 74</a>

Undirvalmynd	Merking	Lýsing
Dagsetning	Stilling á dagsetningu.	<b>Örvahnapparnir</b> eru notaðir til að velja og breyta stillingum en stillingar eru staðfestar með <b>Enter-hnappinum</b>
Tími	Stilling á tíma.	<b>Örvahnapparnir</b> eru notaðir til að velja og breyta stillingum en stillingar eru staðfestar með <b>Enter-hnappinum</b>
Gagnaflutningur	Valmynd fyrir gagnaflutning og raðsamskiptareglur	<a href="#">bls. 77</a>
Heildargagnamælir	Sýnir heildartölu <ul style="list-style-type: none"> <li>• dreifðs magns í kg</li> <li>• dreifðs flatar í ha</li> <li>• dreifingartíma í klst.</li> <li>• ekinnar vegalengdar í km</li> </ul>	
Eining	Birting gilda með völdu einingakerfi: <ul style="list-style-type: none"> <li>• metrakerfi</li> <li>• breskar mælieiningar</li> </ul>	<a href="#">bls. 79</a>
Viðhald	Viðhaldsstillingar	Varið með lykilorði, aðeins fyrir starfsfólk sem annast viðhald

#### 4.10.1 Tungumál stillt

Í stjórn tölvunnar QUANTRON-A er hægt að velja á milli mismunandi tungumála. Tungumálið fyrir land notanda er vistað í verksmiðju.

1. Opnið valmyndina **Kerfi/prófun > Tungumál**.

▷ Skjárin sýnir fyrstu síðuna af fjórum.

Sprache - Language		1/4
deutsch	DE	✓
Français	FR	
English	UK	
Nederlands	NL	
Italiano	IT	
Español	ES	
русский	RU	

**Mynd 4.24:** Undirvalmynd fyrir tungumál, síða 1

2. Veljið tungumálið sem nota á fyrir valmyndir.

#### ATHUGIÐ

Listinn yfir tungumál nær yfir fleiri en einn glugga í valmyndinni. Hægt er að fara yfir í næsta glugga með **örvahnöppunum**.

3. Ýtið á **Enter**-hnappinn.

▷ **Valið er staðfest.**


▷ **Stjórn tölvunnar QUANTRON-A endurræsir sig sjálfkrafa.**

▷ **Valmyndirnar birtast þá á tungumálinu sem var valið.**

### 4.10.2 Skjámyndaval

Hægt er að breyta reitunum í vinnslumynd stjórnölvunnar eftir þörfum. Hægt er að velja hver eftirtalinna gilda birtast í reitunum þremur:

- Aksturshraði
- Rennslisstuðull (FF)
- Tími
- ha umferð
- kg umferð
- m umferð
- kg eftir
- m eftir
- ha eftir
- Tómagangstími



**Mynd 4.25:** Valmynd fyrir skjámyndaval

- [1] Skjáreitur 1
- [2] Skjáreitur 2
- [3] Skjáreitur 3

#### Skjáreitur valinn

1. Opnið valmyndina **Kerfi/prófun > Skjámyndaval**.
2. Merkið viðkomandi **skjáreit**.
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Listi yfir tiltæk gildi birtist á skjánum.
4. Merkið nýja gildið sem birta á í skjáreitnum.
5. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Skjárinn sýnir **vinnslumyndina**. Nýja gildið kemur nú fram í viðkomandi **skjáreit**.

### 4.10.3 Stilling

Í stjórn tölvunnar QUANTRON-A er hægt að velja á milli **tveggja mismunandi hama**:

**Easy** eða **Expert**.

#### ATHUGIÐ

Fyrir eiginleikann M EMC er sjálfkrafa stillt á Expert-stillingu.

- Í **Easy**-stillingu standa eingöngu til boða þær færðarstillingar sem eru nauðsynlegar fyrir dreifingu: Hvorki er hægt að búa til né vinna með dreifitöflur.
- Í **Expert**-stillingu standa allar færðarstillingar til boða í valmyndinni „Áburðarstillingar“.

#### Stilling valin

1. Merkið valmyndaratriðið **Kerfi/prófun > Stilling**.
  2. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
- ▷ **Skjárinn sýnir virka stillingu.**

Skipt er á milli stillinganna með því að ýta á **Enter-hnappinn**.

4.10.4 Prófun/greining

Í valmyndinni **Prófun/greining** er hægt að fylgjast með og prófa virkni tiltekinna skynjara/hreyfiliða.

**ATHUGIÐ**

Þessi valmynd er eingöngu til upplýsinga.

Listinn yfir skynjara fer eftir útbúnaði vélarinnar.

Undirvalmynd	Merking	Lýsing
Prófunarstaðir opa	Prófun til að færa op í mismunandi stöður.	Athugun á kvörðun
Skömmtunarop	Færsla skömmtunaropa vinstra og hægra megin	<a href="#">bls. 75</a>
Spenna	Athugun á rekstrarspennu.	
Tæmingarskynjari	Athugun á tæmingarskynjurum	
Álagsnemar	Athugun á álagsnemunum.	
M EMC	Athugun á skynjurum fyrir eiginleikann M EMC.	
Prófunarstaðir AGP	Prófun á færslu í mismunandi stöður AGP.	Athugun á kvörðun
Útrennslisstaður	Til að færa á útrennslisstað.	
Linbus	Athugun á búnaði sem er skráður í gegnum LINBUS.	
TELIMAT-skynjari	Athugun á TELIMAT-skynjurum	
Yfirbreiðsla	Athugun á hreyfiliðum.	



## Dæmi um skömmtunarop


## ▲ VARÚÐ

**Slyshætta vegna vélarhluta á hreyfingu.**

Vélarhlutar geta hreyfst sjálfkrafa meðan á prófuninni stendur.

- ▶ Ganga verður úr skugga um að ekkert fólk sé nálægt vélinni áður en prófanir fara fram.

1. Opnið valmyndina **Kerfi/prófun > Prófun/greining**.
2. Merkið valmyndaratriðið **Skömmtunarop**.
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Skjárinn sýnir stöðu hreyfiliða/skynjara.



**Mynd 4.26:** Prófun/greining; dæmi: Skömmtunarop

- [1] Sýnir stöðu
- [2] Sýnir merki
- [3] Aðgerðahnappar fyrir hreyfiliða hægra megin
- [4] Aðgerðahnappar fyrir hreyfiliða vinstra megin

Reiturinn **Merki** sýnir stöðu merkis fyrir vinstri og hægri hlið sérstaklega. Hægt er að keyra hreyfiliða inn og út með aðgerðahnöppunum **F1 - F4**.

**Dæmi fyrir Linbus**

1. Opnið valmyndina **Kerfi/prófun > Prófun/greining**.
2. Merkið valmyndaratriðið **Linbus**.
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Skjárinn sýnir stöðu hreyfiliða/skynjara.

Linbus					
	Ver	Mfr	Fnc	Stat	
Útr.st. hæ	0 . 0 . 0	0	0	0	— — — —
Útr.st. vi	0 . 0 . 0	0	1	1	— — — —
Yfirbreiðsla	0 . 0 . 0	0	0	0	— — — —
<b>Hefja sjálfsprófun</b>					

**Mynd 4.27:** Prófun/greining; dæmi: Linbus

- [1] Sýnir stöðu  
 [2] Hefja sjálfsprófun  
 [3] Tengdir hreyfiliðar

**Stöðutilkynningar fyrir Linbus-búnað**

Staða hreyfiliða er mismunandi:

- 0 = Í lagi; engin villa í hreyfiliða
- 2 = Stífla
- 4 = Yfirálag

**▲ VARÚÐ****Slysaætta vegna vélarhluta á hreyfingu.**

Vélarhlutar geta hreyfst sjálfkrafa meðan á prófuninni stendur.

- ▶ Ganga verður úr skugga um að ekkert fólk sé nálægt vélinni áður en prófanir fara fram.

#### 4.10.5 Gagnaflutningur

Gagnaflutningur fer fram með mismunandi samskiptareglum.

Undirvalmynd	Merking
ASD	Sjálfvirk spilduskráning; flutningur spilduskráa yfir í lófátölvu með Bluetooth
LH5000	Raðsamskipti, t.d. dreifing með svæðakortum
GPS Control	Samskiptareglur fyrir sjálfvirka hlutabreiddaskiptingu með ytri stjórnstöð
GPS Control VRA	VRA Variable Rate Application Samskiptareglur til að senda sjálfkrafa gögn um hvert dreifimagnið á að vera
TUVR	Samskiptareglur fyrir sjálfvirka hlutabreiddaskiptingu og svæðisbundna breytingu á dreifimagni með ytri Trimble-stjórnstöð
GPS km/h	<p><b>Aðeins í boði með TUVR-samskiptareglum og Trimble-stjórnstöð.</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Hægt er að gera eiginleikann virkan/óvirkan eftir þörfum þegar eiginleikinn er virkur er hraðamerkið frá GPS-tækinu notað sem merkjagjafi fyrir vinnslumátann <b>AUTO km/h</b>.</li> </ul> <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Merkið valmyndaratriði með stikunni.</li> <li>2. Ýtið á Enter-hnappinn. <ul style="list-style-type: none"> <li>▷ Hak birtist á skjánum.</li> <li>▷ <b>GPS km/h er virkt.</b></li> <li>▷ <b>Hraði GPS-tækisins er notaður sem merkjagjafi fyrir vinnslumátann AUTO km/h.</b></li> </ul> </li> </ol>

### 4.10.6 Heildargagnamælir

Í þessari valmynd er sýnd staða allra teljara á dreifaranum.

- dreifðs magns í kg
- dreifðs flatar í ha
- dreifingartíma í klst.
- ekinnar vegalengdar í km

#### **ATHUGIÐ**

Þessi valmynd er eingöngu til upplýsinga.

---

#### 4.10.7 Einingakerfi breytt

Einingakerfið er stillt í verksmiðju. Hins vegar er hvenær sem er hægt að skipta milli breskra mælieininga og metrakerfis.

1. Opnið valmyndina **Kerfi/prófun**.
  2. Merkið valmyndina **Eining**.
  3. Ýtið á Enter-hnappinn til þess að skipta á milli **breskra mælieininga og metrakerfisins**.
- ▷ Öll gildi í mismunandi valmyndum eru umreiknuð.

Valmynd/gildi	Umreiknistuðull úr metrakerfi yfir í breskar mælieiningar
kg eftir	1 x 2,2046 lb.-mass (lbs rest)
ha eftir	1 x 2,4710 ac (ac rest)
Vinnslubreidd í m	1 x 3,2808 ft
Dreifimagn kg/ha	1 x 0,8922 lbs/ac
Uppsetningarhæð í cm	1 x 0,3937 in

Valmynd/gildi	Umreiknistuðull úr breskum mælieiningum í metrakerfi
lbs rest	1 x 0,4536 kg
ac rest	1 x 0,4047 ha
Vinnslubreidd í ft	1 x 0,3048 m
Dreifimagn lbs/ac	1 x 1,2208 kg/ha
Uppsetningarhæð í tommum	1 x 2,54 cm

#### 4.10.8 Viðhald

##### ATHUGIÐ

Fyrir stillingar í valmyndinni **Viðhald** þarf að færa inn innsláttarkóða. Eingöngu viðurkenndir þjónustuaðilar mega breyta þessum stillingum.

Við mælum eindregið með því að láta eingöngu viðurkennda þjónustuaðila breyta stillingum í þessari valmynd.

#### 4.11 Upplýsingar

Í valmyndinni „Upplýsingar“ koma fram upplýsingar um stjórnun búnaðarins.

##### ATHUGIÐ

Þessi valmynd veitir upplýsingar um stillingar vélarinnar.

Listinn yfir upplýsingar fer eftir útbúnaði vélarinnar.

#### 4.12 Yfirbreiðsla (aðeins á AXIS, aukabúnaður)

##### ⚠ VIÐVÖRUN



Hætta er á að klemmast á milli og skera sig á hlutum sem ekki er stjórnað með handafli

Yfirbreiðslan hreyfist fyrirvaralaust og getur valdið slysum á fólki.


► Vísið öllu fólki af hættusvæðinu.

Vélin AXIS-H EMC er með rafstýrða yfirbreiðslu. Þegar fyllt er aftur á við enda spildu er hægt að opna og loka yfirbreiðslunni með stjórn tölvunni og tveimur hreyfiliðum.

##### ATHUGIÐ

Valmyndin er eingöngu ætluð til þess að stjórna hreyfiliðunum sem opna og loka yfirbreiðslunni. Stjórn tölvun QUANTRON-E2 greinir ekki nákvæma stöðu yfirbreiðslunnar.

- Fylgist með hreyfingum yfirbreiðslunnar.



**Mynd 4.28:** Valmyndin fyrir yfirbreiðsluna

- [1] Sýnir opnun
- [2] Aðgerðahnappur F4: Yfirbreiðslunni lokað
- [3] Fastur vísir fyrir yfirbreiðsluna
- [4] Aðgerðahnappur F2: Ferlið stöðvað
- [5] Aðgerðahnappur F1: Yfirbreiðslan opnuð

**▲ VARÚÐ****Tjón vegna of lítils svigrúms**

Þegar yfirbreiðslan er opnuð og henni er lokað verður að vera nægilegt svigrúm yfir kari vélarinnar. Ef svigrúmið er of lítið getur yfirbreiðslan rifnað. Stangir yfirbreiðslunnar geta skemmt og yfirbreiðslan getur valdið skemmdum á því sem er umhverfis hana.

- ▶ Gætið þess að nægilegt svigrúm sé fyrir ofan yfirbreiðsluna.

**Yfirbreiðslan færð**


1. Ýtið á **valmyndarhnappinn**.
2. Opnið valmyndina **Yfirbreiðsla**.
3. Ýtið á aðgerðahnappinn **F1**.
  - ▷ Þegar yfirbreiðslan er á hreyfingu er ör á skjánum sem vísar í **opunarátt**.
  - ▷ Yfirbreiðslan opnast alveg.
4. Fyllið á með áburði.
5. Ýtið á aðgerðahnappinn **F4**.
  - ▷ Þegar yfirbreiðslan er á hreyfingu er ör á skjánum sem vísar í **lokunarátt**.
  - ▷ Yfirbreiðslan lokast.

Ef þörf krefur er hægt að stöðva hreyfingu yfirbreiðslunnar með því að ýta á aðgerðahnappinn **F2**. Yfirbreiðslan er þá í millistöðu þar til henni er lokað eða hún er opnuð að fullu.

## 4.13 Sérstakir eiginleikar

### 4.13.1 Innsláttur texta

Í sumum valmyndum er hægt að færa inn texta að eigin vali.



**Mynd 4.29:** Valmynd fyrir innslátt texta

- [1] Innsláttarreitur
- [2] Reitir sem sýnir hvaða tákni eru í boði (mismunandi eftir tungumálum)
- [3] Aðgerðahnappar til að fara um í innsláttarreitnum

#### Texti sleginn inn:

1. Farið í undirvalmyndina **Innsláttur texta**.
2. Færið bendilinn með **aðgerðahnöppunum** í stöðu fyrsta táknsins sem á að skrifa í innsláttarreitinn.
3. Notið **örvahappana** til að merkja táknið sem á að skrifa í táknaeitnum.
4. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Merkta táknið birtist í innsláttarreitnum.
  - ▷ Bendillinn fer yfir í næstu stöðu.

Endurtakið þetta þar til allur textinn hefur verið sleginn inn.

5. Ýtið á aðgerðahnappinn **OK** til að **staðfesta** innsláttinn.
  - ▷ Stjórn tölvann vistar textann.
  - ▷ Skjárinn sýnir næstu valmynd á undan.



**Skrifað ofan í tákni:**

Hægt er að skipta tilteknu tákni út fyrir annað tákni.

1. Færið bendilinn með **aðgerðahnöppunum** í stöðu táknsins sem á að eyða í innsláttarreitinn.
2. Notið **örvahnappana** til að merkja táknið sem á að skrifa í táknaeitnum.
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.
  - ▷ Skrifað er ofan í táknið.
4. Ýtið á aðgerðahnappinn **OK** til að **staðfesta** innsláttinn.
  - ▷ Textinn er vistaður í stjórn tölvunni.
  - ▷ Næsta valmynd á undan er sýnd á skjánum.

**ATHUGIÐ**

Aðeins er hægt að eyða tilteknum táknum með því að skipta þeim út fyrir bil (undirstrik við enda fyrstu tveggja táknaínanna).


**Innslætti eytt:**

Hægt er að eyða öllum innslættinum.

1. Ýtið á **C 100 %-hnappinn**.
  - ▷ Öllum innslættinum er eytt.
2. Sláið inn nýjan texta ef þess þarf.
3. Ýtið á aðgerðahnappinn **OK**.

### 4.13.2 Gildi slegin inn með bendilhnöppunum

Í sumum valmyndum er hægt að færa inn talnagildi.



**Mynd 4.30:** Talnagildi slegin inn (dreifimagn tekið sem dæmi)

[1] Innsláttarreitur

#### Skilyrði:

Valmyndin þar sem talnagildi eru slegin inn er þegar opin.

1. Færið bendilinn með **láréttu örvahnöppunum** í stöðu talnagildisins sem á að skrifa í innsláttarreitnum.
2. Sláið talnagildið inn með **lóðréttu örvahnöppunum**.  
**Ör vísar upp:** Gildið hækkar.  
**Ör vísar niður:** Gildið lækkar.  
**Ör vísar til vinstri/hægri:** Bendillinn hreyfist til vinstri/hægri.
3. Ýtið á **Enter-hnappinn**.

#### Innslætti eytt:


Hægt er að eyða öllum innslættinum.

- Ýtið á **C 100 %-hnappinn**.
  - ▷ Öllum innslættinum er eytt.

### 4.13.3 Skjáskot tekni

Þegar hugbúnaðaruppfærsla fer fram er skrifað ofan í gögn. Við mælum með því að stillingar séu ávallt vistaðar sem skjáskot (afrit af skjámynd) á USB-lykli áður en hugbúnaðaruppfærslur eru settar upp.

- Notið USB-lykil með stöðuljósi (LED).
- 1. Takið lokið af USB-tenginu.
- 2. Stingið USB-lyklinum í USB-tengið.



**Mynd 4.31:** USB-lykli stungið í

[1] Stjórn tölva

[2] USB-lykill

3. Opnið valmyndina **Aðalvalmynd > Áburðarstillingar**.
  - ▷ Skjárinn sýnir fyrstu síðuna í „Áburðarstillingar“.
4. Ýtið samtímis á **T**-hnappinn og **L%/R%**-hnappinn.
  - ▷ Stöðuljósið á USB-lyklinum blikkar.
  - ▷ Stjórn tölvan þápir tvisvar.
  - ▷ Mynd er vistuð með Bitmap-sniði á USB-lyklinum.
5. Vistið skjáskot af öllum síðunum í „Áburðarstillingar“.
6. Opnið valmyndina **Aðalvalmynd > Vélarstillingar**.
  - ▷ Skjárinn sýnir fyrstu síðuna í „Vélarstillingar“.
7. Ýtið samtímis á **T**-hnappinn og **L%/R%**-hnappinn.
  - ▷ Stöðuljósið blikkar.
8. Vistið skjáskot af báðum síðunum í **Vélarstillingar**.
9. Geymið öll skjáskotin í PC-tölvu.
10. Þegar hugbúnaðaruppfærslan hefur verið sett upp skal opna skjáskotin og færa stillingarnar inn í Stjórn tölva QUANTRON-A til samræmis við þau.
  - ▷ Þá er Stjórn tölva QUANTRON-A rétt stillt og tilbúin til notkunar.



## 5 Dreifing með stjórn tölvunni QUANTRON-A

Stjórn tölvun QUANTRON-A aðstoðar notanda við að stilla vélina áður en vinna hefst. Meðan á dreifingu stendur eru aðgerðir stjórn tölvunnar einnig virkar í bakgrunni. Þannig er hægt að fylgjast með því hversu vel áburðinum er dreift.

### 5.1 TELIMAT

#### ▲ VARÚÐ



#### Slyshætta vegna sjálfvirkar færslu á TELIMAT!

Þegar ýtt er á **T-hnappinn** er fært sjálfkrafa í stöðu fyrir jaðardreifingu með rafstýrðum stýritjökum. Þetta getur valdið meiðslum og tjóni.

- ▶ Vísa skal öllum af hættusvæði vélarinnar áður en ýtt er á **T-hnappinn**.

#### ATHUGIÐ

TELIMAT-útfærslan er forstillt í stjórn tölvunni í verksmiðju!

#### TELIMAT með vökvaknúinni fjarstýringu

TELIMAT er færður í vinnslu- eða hvíldarstöðu með vökvaafli. TELIMAT er gerður virkur eða óvirkur með því að ýta á **T-hnappinn**. **TELIMAT-táknið** birtist eða hverfur af skjánum allt eftir stöðunni hverju sinni.

#### TELIMAT með vökvaknúinni fjarstýringu og TELIMAT-skynjurum

Ef TELIMAT-skynjarar eru tengdir og virkir birtist **TELIMAT-táknið** á skjá stjórn tölvunnar þegar TELIMAT hefur verið færður í vinnslustöðu með vökvaafli. Þegar TELIMAT er færður aftur í hvíldarstöðu hverfur **TELIMAT-táknið** aftur af skjánum. Skynjararnir fylgjast með stöðu TELIMAT og virkja eða óvirkja TELIMAT sjálfkrafa. Í þessari útfærslu gegnir **T-hnappurinn** engu hlutverki.


Ef staða TELIMAT-búnaðarins greinist ekki í meira en 5 sekúndur birtist viðvörðun 14; sjá kafla [6.1: Merking viðvörðunarboða, bls. 99](#).

### 5.2 Unnið með hlutabreiddir (aðeins á AXIS)

#### 5.2.1 Dreift með minnkuðum hlutabreiddum

Hægt er að dreifa með hlutabreiddum öðrum eða báðum megin og laga dreifubreiddina þannig að kröfum spildunnar hverju sinni. Hægt er að stilla hvora dreifingarhlið í fjórum (VariSpread Dynamic) eða tveimur (VariSpread 4) þrepum.

- Sjá [2.1: Yfirlit yfir studdar útgáfur, bls. 5.](#)
- Ýtið á hnapp **L%/R%** þar til skjárinn sýnir viðkomandi aðgerðahnappa.



**Mynd 5.1:** Vinnslumynd fyrir dreifingu með hlutabreiddum

- [1] Hlutabreidd hægra megin dreifir yfir allan kantinn
- [2] Aðgerðahnappar til að auka eða minnka dreifubreidd hægra megin
- [3] Aðgerðahnappar til að auka eða minnka dreifubreidd vinstra megin
- [4] Hlutabreidd vinstra megin er minnkuð niður í tvö þrep


### ATHUGIÐ

Hægt er að minnka eða auka hverja hlutabreidd fyrir sig í tveimur eða fjórum þrepum.

1. Ýtið á aðgerðahnappinn til að **minnka dreifubreidd vinstra megin** eða **minnka dreifubreidd hægra megin**.
  - ▷ Hlutabreidd dreifingarhliðarinnar er minnkuð um eitt þrep.
2. Ýtið á aðgerðahnappinn til að **auka dreifubreidd vinstra megin** eða **auka dreifubreidd hægra megin**.
  - ▷ Hlutabreidd dreifingarhliðarinnar er aukin um eitt þrep.

### 5.2.2 Dreifing með einni hlutabreidd og í stillingu fyrir jaðardreifingu

Meðan á dreifingu stendur er hægt að breyta hlutabreiddunum í þrepum og virkja jaðardreifingu. Myndin hér fyrir neðan sýnir vinnslumynd með virkri jaðardreifingu og völdum hlutabreiddum.



**Mynd 5.2:** Vinnslumynd með einni hlutabreidd vinstra megin og jaðardreifingu hægra megin

- [1] Breyting á magni þegar stillt er á jaðardreifingu
- [2] Dreifingarhlið hægra megin þegar stillt er á jaðardreifingu
- [3] Dreifingarhlið hægra megin er virk
- [4] Hlutabreidd vinstra megin minnkuð eða aukin
- [5] Hlutabreidd stillanleg í tveimur þrepum vinstra megin (VariSpread 4)

- Dreifimagnið vinstra megin er stillt á fulla vinnslubreidd.
- Ýtt var á aðgerðahnappinn fyrir **jaðardreifingu hægra megin**, jaðardreifing er virk og dreifimagnið hefur verið minnkað um 20 %.
- Ýtið á aðgerðahnappinn til að **minnka dreifibreidd vinstra megin** til að minnka hlutabreiddina um eitt þrep.
- Ýtið á aðgerðahnappinn **C/100 %**; farið er strax aftur í fulla vinnslubreidd.
- Aðeins á TELIMAT-útfærslum án skynjara: Ýtið á T-hnappinn og stillt er af jaðardreifingu.

5.3 Dreifing með sjálfstýrðum vinnslumáta (AUTO km/h + AUTO kg, aðeins á AXIS)

**Stjórnun massastreymis með eiginleikanum M EMC**

Mæling á massastreymi fer fram sérstaklega á báðum dreifiskífuhlíðum svo hægt sé að leiðrétta frávik frá tilgreindu dreifimagni án tafar.

Eiginleikinn M EMC þarf eftirfarandi vélarupplýsingar fyrir stjórnun á massastreymi:


- Snúningshraði aflúttaks
- Gerð dreifiskífu

Hægt er að stilla snúningshraða aflúttaks á bilinu 450 til 650 sn./mín.

- **Snúningshraðinn á að vera stöðugur (+/- 10 sn./mín.) meðan á dreifingu stendur.** Þannig er hægt að tryggja að stjórnunin skili sem bestum árangri.
- Tómagangsmæling getur **aðeins** farið fram ef frávik raunverulegs snúningshraða aflúttaks er **að hámarki +/- 10 sn./mín.** frá stillingunni í valmyndinni **Aflúttak**. Ef snúningshraðinn er utan þessara marka getur tómagangsmæling ekki farið fram.

**Skilyrði fyrir dreifingu:**

- Vinnslumátinn **AUTO km/h + AUTO kg** er virkur (sjá [4.7.2: AUTO/MAN-vinnsla, bls. 58](#)).
1. Fyllið á karið með áburði.
  2. Veljið áburðarstillingar:
    - Dreifimagn (kg/ha)
    - Vinnslubreidd (m)
  3. Færið inn snúningshraða aflúttaks í viðkomandi valmynd. [Sjá einnig „Aflúttak“ á bls. 49.](#)
  4. Veljið gerð dreifiskífu sem er notuð í viðkomandi valmynd. [Sjá einnig „Gerð dreifiskífu“ á bls. 49.](#)
  5. Setjið aflúttakið í gang.
  6. Stillið aflúttakið á tilgreindan snúningshraða.
    - ▷ Glugginn **Tómagangsmæling** birtist á skjánum.



**Mynd 5.3:** Upplýsingagluggi fyrir tómagangsmælingu (á ensku)



7. Bíðið þar til framvindustíkan er komin á enda.

- ▷ Tómagangsmælingunni er lokið.
- ▷ Tómagangstíminn er endurstilltur á 20 mínútur.

8. Ýtið á **Start/Stop**-hnappinn.

▷ **Byrjað er að dreifa.**

Á meðan aflúttakið er í gangi hefst ný tómagangsmæling sjálfkrafa í síðasta lagi að tómagangstímanum loknum á 20 mínútna fresti.

Við tiltekin skilyrði þarf tómagangsmæling að fara fram til að skrá ný viðmiðunargögn áður en haldið er áfram að dreifa.

Þegar tómagangsmæling þarf að fara fram meðan á dreifingu stendur birtist upplýsingaglugginn.

#### ATHUGIÐ

Um leið og skömmtunaropin lokast (t.d. við enda spildu eða þegar ýtt er á **Start/Stop**-hnappinn) setur **eiginleikinn M EMC** tómagangsmælingu af stað í bakgrunni (án upplýsingaglugga)!

- Snúningshraði aflúttaksins verður að haldast stöðugur á innstilltu gildi meðan á tómagangsmælingunni stendur!

#### ATHUGIÐ

Vilji notandi fylgjast með tímanum fram að næstu tómagangsmælingu er einnig hægt að birta **tómagangstímann** í valfrjálsu reitunum í vinnslumyndinni, sjá kafla [4.10.2: Skjámyndaval, bls. 72](#).

#### ATHUGIÐ

Mikilvægt er að tómagangsmæling fari fram að nýju þegar skífur eru settar í gang og settar eru í dreifiskífur af annarri gerð!

Ef óeðlileg breyting verður á rennslisstuðli skal setja tómagangsmælingu í gang **handvirkt**.

**Skilyrði:**

- Dreifingin hefur verið stöðvuð (slökkt hefur verið með Start/Stop-hnappinum eða báðar hlutabreiddir hafa verið gerðar óvirkar).
- Skjárinn sýnir vinnslumyndina.
- Snúningshraði aflúttaks er að minnsta kosti 400 sn./mín.

1. Ýtið á **Enter**-hnappinn.

- ▷ Skjárinn sýnir gluggann fyrir tómagangsmælingu.
- ▷ Tómagangsmælingin hefst.

2. Stillið snúningshraða aflúttaks ef þess þarf.

▷ **Stíkan sýnir framvinduna.**

### 5.4 Dreifing með vinnslumátanum AUTO km/h

Í vinnslumátanum AUTO km/h stýrir stjórnölvun hreyfiliðanum sjálfkrafa út frá hraðamerkinu.

1. Veljið áburðarstillingar:
  - Dreifimagn (kg/ha)
  - Vinnslubreidd (m)
2. Fyllið á með áburði.

#### **ATHUGIÐ**

Til þess að dreifingin skili sem bestum árangri í vinnslumátanum AUTO km/h skal framkvæma dreifingarprófun áður en byrjað er að dreifa.

---

3. Framkvæmið dreifingarprófun til að ákvarða rennslisstuðulinn eða  
Fjarlægið rennslisstuðulinn úr dreifitöflunni.
  4. Færið rennslisstuðulinn inn handvirkt.
  5. Ýtið á **Start/Stop**-hnappinn.
- ▷ **Byrjað er að dreifa.**

## 5.5 Dreifing með vinnslumátanum MAN km/h

Unnið er í vinnslumátanum MAN km/h þegar ekkert hraðamerki liggur fyrir.

1. Kveikið á stjórnölvunni QUANTRON-A.
2. Opnið valmyndina **Vélarstillingar > AUTO/MAN-vinnsla**.
3. Opnið valmyndaratriðið **MAN km/h**.
4. Færið inn aksturshraða.
5. Ýtið á **OK**.
6. Veljið áburðarstillingar:
  - Dreifimagn (kg/ha)
  - Vinnslubreidd (m)
7. Fyllið á með áburði.

### ATHUGIÐ

Til þess að dreifingin skili sem bestum árangri í vinnslumátanum MAN km/h skal framkvæma dreifingarprófun áður en byrjað er að dreifa.

8. Framkvæmið dreifingarprófun til að ákvarða rennslisstuðulinn eða Fjarlægið rennslisstuðulinn úr dreifitöflunni.
  9. Færið rennslisstuðulinn inn handvirkt.
  10. Ýtið á **Start/Stop**-hnappinn.
- ▷ **Byrjað er að dreifa.**

### ATHUGIÐ


Mikilvægt er að halda innstilltum hraða á meðan verið er að dreifa.

### 5.6 Dreifing með vinnslumátanum MAN-kvarði

Í vinnslumátanum **MAN-kvarði** er hægt að breyta skömmtunaropinum handvirkt á meðan verið er að dreifa.

**Skilyrði:**

- Skömmtunaropin eru opin (virkjað með **Start/Stop-hnappinum**).
- Í vinnslumyndinni **MAN-kvarði** eru táknið fyrir hlutabreiddir með rauðum bakgrunni.



**Mynd 5.4:** Vinnslumyndin „MAN-kvarði“

[1] Sýnir stöðu kvarða fyrir skömmtunarop

11. Til þess að breyta skömmtunaropinum skal ýta á aðgerðahnappinn **F2** eða **F3**.

**F2: MAN+** til þess að stækka skömmtunaropið eða

**F3: MAN-** til þess að minnka skömmtunaropið.

#### ATHUGIÐ

Til þess að dreifingin skili einnig sem bestum árangri í handstýrðri vinnslu mælum við með því að gildin fyrir skömmtunarop og aksturshraða úr dreifitöflunni séu notuð.

## 5.7 GPS Control

Hægt er að nota stjórnölvuna QUANTRON-A með GPS-tæki. Tækin skiptast þá á ýmis konar gögnum til þess að skiptingar geti farið fram með sjálfstýringu.

### ATHUGIÐ

Við mælum með því að stjórnölvun QUANTRON-Guide sé notuð ásamt QUANTRON-A.

- Frekari upplýsingar fást hjá söluaðilum.
- Farið eftir því sem fram kemur í notendahandbók QUANTRON-Guide.

Eiginleikinn **OptiPoint** (aðeins á AXIS) reiknar út hvenær best er að kveikja og slökkva á dreifingu á spilduenda út frá stillingum í stjórnölvu, sjá [4.6.9: Reikna út OptiPoint \(aðeins á AXIS\), bls. 50](#).

### ATHUGIÐ

Til þess að hægt sé að nota GPS Control-eiginleika QUANTRON-A þarf að virkja raðsamskipti í valmyndinni **Kerfi/prófun > Gagnaflutningur** og undirvalmyndinni **GPS Control!**

Táknið **A** við hliðina á dreifingarfleygunum gefur til kynna að sjálfstýringin sé virk. Stýringin opnar og lokar hlutabreiddum eftir stöðunni á spildunni hverju sinni. Ekki er þyrjað að dreifa fyrir en ýtt er á **Start/Stop**-hnappinn.


### ▲ VIÐVÖRUN



#### Slysaætta vegna áburðar sem kastast út

Eiginleikinn GPS Control setur dreifinguna af stað sjálfkrafa og fyrirvaralaust. Áburður sem kastað er út getur skaðað augu og slímhúð í nefi. Einnig er hættu á því að skrika fótur.


- ▶ Vísið fólki af hættusvæðinu meðan á dreifingu stendur.



Mynd 5.5: Vísar fyrir dreifingu á vinnslumynd með GPS Control

**Fjarlægð kveikt (m)**

**Fjarlægð kveikt** segir til um í hvaða fjarlægð ([Mynd 5.6 \[A\]](#)) frá spildujaðri ([Mynd 5.6 \[C\]](#)) á að kveikja. Í þessari stöðu á spildunni opnast skömmtunarpín. Þessi fjarlægð, sem er mismunandi eftir áburðartegund, tryggir að áburðardreifingin skili sem bestum árangri.



**Mynd 5.6:** Fjarlægð til að kveikja (frá spildujaðri)

[A] Fjarlægð til að kveikja


[C] Spildujaðar

Til þess að breyta því hvar á spildunni á að kveikja verður að breyta gildinu **Fjarlægð kveikt**.

- Því lægra sem gildið fyrir fjarlægð er, þeim mun nær spildujaðrinum er kveikt.
- Því hærra sem gildið er, þeim mun innar í spildunni er kveikt.

**Fjarlægð slökkt (m)**

**Fjarlægð slökkt** segir til um í hvaða fjarlægð ([Mynd 5.7 \[B\]](#)) frá spildujaðri ([Mynd 5.7 \[C\]](#)) á að slökkva. Í þessari stöðu á spildunni byrja skömmunaropin að lokast.



**Mynd 5.7:** Fjarlægð til að slökkva (frá spildujaðri)

- [B] Fjarlægð til að slökkva  
[C] Spildujaðar

Til þess að breyta því hvar á að slökkva verður að breyta gildinu **Fjarlægð slökkt** til samræmis.

- Því lægra sem gildið er, þeim mun nær spildujaðrinum er slökkt.
- Ef gildið er hærra er slökkt innar á spildunni.

Ef snúa á við á akstursleið á spilduenda skal færa inn meiri fjarlægð í **Fjarlægð slökkt**.

Breytingin verður að vera eins lítil og hægt er svo skömmunaropin lokist þegar dráttarvélin beygir inn á akstursleið á spilduenda. Þegar fjarlægðinni til að slökkva er breytt getur það leitt til þess að of litlum áburði sé dreift á þann hluta spildunnar þar sem slökkt er.





## 6 Viðvörðunardeild og mögulegar orsakir

Mismunandi viðvörðunardeild birtast á skjá stjórn tölvunnar QUANTRON-A.

### 6.1 Merking viðvörðunardeilda

Nr.	Tilkynning á skjá	Merking
		<ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>Möguleg orsök</b></li> </ul>
1	Villa í skömmtunarbúnaði, stöðva!	<p>Hreyfiliði fyrir skömmtunarbúnað getur ekki náð tilgreindu gildi.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Stífla</li> <li>● Engar stöðuupplýsingar</li> </ul>
2	Hámarksopnun! Of mikill hraði eða of stór skammtur	<p>Viðvörðun vegna skömmtunarops</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Hámarksstærð skömmtunarops er náð.</li> <li>● Skömmtunarmagnið sem stillt er á (+/- magn) er yfir hámarksstærð skömmtunarops.</li> </ul>
3	Rennslisstuðull er utan marka	<p>Rennslisstuðullinn verður að vera á bilinu <b>0,40 - 1,90</b>.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Rennslisstuðullinn sem verið var að reikna út eða færa inn er utan marka.</li> </ul>
4	Villa í skömmtun vinstra megin, geymir tómur, úttak stíflað!	<p>Tæmingarskynjarinn vinstra megin sendir frá sér tilkynninguna „Tómt“.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Karið vinstra megin er tómt.</li> </ul>
5	Villa í skömmtun hægra megin, geymir tómur, úttak stíflað!	<p>Tæmingarskynjarinn hægra megin sendir frá sér tilkynninguna „Tómt“.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Karið hægra megin er tómt.</li> </ul>
7	Gögnum verður eytt! Eyða = START Hætta við = ESC	<p>Öryggisviðvörðun til að koma í veg fyrir að gögnum sé óvart eytt.</p>
8	150 kg lágmarksmagni til dreifingar ekki náð, gamall stuðull í gildi	<p>Ekki er hægt að reikna út rennslisstuðul.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Dreifimagnið er of lítið til þess að hægt sé að reikna út nýjan rennslisstuðul þegar afgangar eru vigtaðir.</li> <li>● Gamli rennslisstuðullinn helst óbreyttur.</li> </ul>
9	Dreifimagn Lágm.still. = 10 Hám.still. = 3000	<p>Ábending vegna leyfilegra marka fyrir <b>dreifimagn</b>.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>● Gildið sem slegið var inn er ekki leyfilegt.</li> </ul>

Nr.	Tilkynning á skjá	Merking <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>Möguleg orsök</b></li> </ul>
10	Vinnslubreidd Lág.m.still. = 2,00 Hám.still. = 50,00	Ábending vegna leyfilegra marka fyrir <b>vinnslubreidd</b> . <ul style="list-style-type: none"> <li>● Gildið sem slegið var inn er ekki leyfilegt.</li> </ul>
11	Rennslisstuðull Lág.m.still. = 0,40 Hám.still. = 1,90	Ábending vegna leyfilegra marka fyrir <b>rennslisstuðul</b> . <ul style="list-style-type: none"> <li>● Gildið sem slegið var inn er ekki leyfilegt.</li> </ul>
12	Villa við gagnaflutning.Engin RS232-tenging	Villa kom upp við gagnaflutning til stjórn tölvu. Gögnin voru ekki flutt.
14	Villa í TELIMAT-tilfærslu	Viðvörðun vegna TELIMAT-skynjara. Þessi villuboð birtast þegar ekki er hægt að greina stöðu TELIMAT í meira en 5 sekúndur.
15	Minnið er fullt,eyða þarf einkatöflu	Hægt er að vista að hámarki 30 dreifitöflur. <ul style="list-style-type: none"> <li>● Ekki er hægt að vista meira en það</li> </ul>
16	Færa í útr.st. Já = Ræsa	Á vélum með rafstýrðum hreyfiliðum fyrir útrennslisstað: Staðfestingargluggi áður en fært er sjálfkrafa á útrennslisstað. <ul style="list-style-type: none"> <li>● Stilling á útrennslisstað í valmyndinni <b>áburðarstillingar</b>.</li> <li>● Hraðtæming.</li> </ul>
17	Villa í tilfærslu útr.st.	Hreyfiliði fyrir AGP-stillingu getur ekki náð tilgreindu gildi. <ul style="list-style-type: none"> <li>● Stífla.</li> <li>● Engar stöðuupplýsingar.</li> </ul>
18	Stífla í útr.st.	Of mikið álag á hreyfiliða.
19	Tilfærsla útr.st. í ólagi	Hreyfiliði í ólagi.
20	Villa í búnaði á LIN-Bus:	Vandamál með samskipti. <ul style="list-style-type: none"> <li>● Hreyfiliði tekinn af.</li> <li>● Leiðsla slitin.</li> </ul>
21	Dreifari ofhlaðinn!	Þyrildreifarinn fyrir steinefnaáburð er ofhlaðinn. <ul style="list-style-type: none"> <li>● Of mikill áburður er í karinu</li> </ul>


Nr.	Tilkynning á skjá	Merking ● <b>Möguleg orsök</b>
23	Villa í TELIMAT-tilfærslu	Hreyfiliði fyrir TELIMAT-stillingu getur ekki náð tilgreindu gildi. ● Stífla. ● Engar stöðuupplýsingar.
24	Villa í TELIMAT-tilfærslu	Of mikið álag á hreyfiliða.
25	TELIMAT-tilfærsla í ólagi.	TELIMAT-hreyfiliði í ólagi.
32	Hlutar sem annar búnaður stjórnar geta hreyfst. Hætta er á að skerast og klemmast! - Vísið öllum af 'öllum af svæði - Fylgið handbók. Staðfesta með ENTER	Þegar kveikt er á vélarstýringunni geta hlutar farið óvænt af stað. ● Fylgið ekki leiðbeiningunum á skjánum fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að engin hætta sé fyrir hendi.
34	Ekki er hægt að framkvæma tómagangsmæl., dreifiskífan snýst með minnkuðum hraða. Staðfestið viðvörðunina til þess að endurstilla vélina á venjulega dreifingu	Rennslisstuðullinn verður að vera á bilinu <b>0,50 - 1,80</b> . ● Rennslisstuðullinn sem verið var að reikna út eða færa inn er utan marka.
36	Ekki hægt að vigta magn. Vélina verður að vera kyrrstæð	Viðvörðunarboð við vigtun. ● Ekki er hægt að framkvæma aðgerðina <b>Vigta magn</b> nema að vélina sé kyrrstæð og í láréttri stöðu.
45	Villa í skynjarabú. M-EMC. EMC-stýring óvirk!	Skynjarinn sendir ekki lengur merki ● Leiðsla slitin ● Skynjari í ólagi
46	Villa í dreifingarhraða. Haldið dreifingarhraða á 450-650 sn./mín.!	Snúningshraði aflúttaks er utan marka fyrir eiginleikann M EMC.
47	Villa í skömmtun vinstra megin, geymir tómur, úttak stíflað!	● Kar tóm ● Stíflað útrennslisop
48	Villa í skömmtun hægra megin, geymir tómur, úttak stíflað!	● Kar tóm ● Stíflað útrennslisop
49	Tómagangsmæling óraunhæf. EMC-stýring óvirk!	● Skynjari í ólagi ● Drifið er í ólagi
50	Tómagangsmæling getur ekki farið fram. EMC-stýring óvirk!	Snúningshraði aflúttaks ekki stöðugur í lengri tíma

Nr.	Tilkynning á skjá	<b>Merking</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>● <b>Möguleg orsök</b></li> </ul>
51	Geymir tómur!	Tæmingarskynjari fyrir kg sendir boðin „Tómt“. Farið var niður fyrir tilgreint gildi.
52	Villa í yfirbreiðslu	Of mikið álag á hreyfiliða.
53	Yfirbreiðsla í ólagi	TELIMAT-hreyfiliði í ólagi.
54	Breytið stöðu TELIMAT!	TELIMAT-staðan samræmist ekki stöðunni sem GPS Control tilkynnti um.
75	Gera þarf breytingar á TELIMAT-búnaðinum fyrir þessa tegund dreifiskífu. Fylgið uppsetningarleiðbeiningum!	Dreifiskífa S1 er uppsett og vélin er búin TELIMAT. Villur geta komið upp við jaðardreifingu. <ul style="list-style-type: none"> <li>● Gera þarf breytingar á TELIMAT-búnaðinum fyrir þessa tegund dreifiskífu.</li> </ul>

## 6.2 Gert við bilun / viðvörðun hreinsuð

### 6.2.1 Viðvörðunardeild staðfest

Viðvörðunardeild eru auðkennd á skjánum og birtast með viðvörðunartákni.






**Mynd 6.1:** Viðvörðunardeild (skömmtunarbúnaður tekinn sem dæmi)




#### Viðvörðunardeild staðfest:

1. Lagfærið það sem orsakaði viðvörðunardeildin.  
Farið eftir því sem fram kemur í notkunarleiðbeiningum áburðardreifarans og í kafla [6.1: Merking viðvörðunardeilda, bls. 99](#).
  2. Ýtið á hnappinn **C/100 %**.
- ▷ **Viðvörðunardeildin hverfa af skjánum.**



## 7 Aukabúnaður

Nr.	Mynd	Heiti
1		Tæmingarskynjari fyrir AXIS/MDS
2		Aksturshraðaskynjari fyrir QUANTRON-A
3		Y-snúra RS232 fyrir gagnaflyting (t.d. GPS, N-Sensor o.s.frv.)
4		Snúrusett kerfisdráttarvéla fyrir QUANTRON-A AXIS 12 m

Nr.	Mynd	Heiti
5		GPS-snúra og móttakari
6		TELIMAT-skynjari AXIS
7		Alhliða festing fyrir QUANTRON-A



## Atriðisorðaskrá

### A

Áburðarstillingar 29, 36  
 Aflúttak 41, 49  
 Dreifimagn 42  
 Dreifingarprófun 46–48  
 Dreifiskífa 49  
 Dreifitafla 41, 53  
 Framleiðandi 41  
 GPS-Control 41  
 Innihaldsefni 41  
 Jaðardreifing 41  
 OptiPoint 41, 50  
 Tegund áburðargjafar 41  
 TELIMAT 41  
 Uppsetningarhæð 41

Áburður 29

Aðalvalmynd 36, 67–70  
 Áburðarstillingar 36  
 Hraðtæming 36  
 Kerfi/prófun 36  
 Spilduskrá 36  
 Upplýsingar 36  
 Valmyndarhnappur 31  
 Vélarstillingar 36  
 Yfirbreiðsla 80

Aðgerðahnappur 8

Aflúttak 11, 41, 49

### B

Birtustig 69

### D

Dagsetning 70

Dráttarvél 54

Kröfur 19

Dreifimagn 11, 42

Dreifing 87–97

AUTO km/h 92

AUTO km/h + AUTO kg 90

Eiginleikinn M EMC 90

Hlutabreiddir 88

Jaðardreifing 89

MAN km/h 93

MAN-kvarði 94

TELIMAT 87

Dreifingarprófun 46–48

Hraði 46

Dreifiskífa 49

Dreifitafla

Búin til 53

### E

Easy 16

Eiginleikinn M EMC 29, 43, 49, 58, 90

Aflúttak 49

Dreifiskífa 49

Tómagangsmæling 90

Tómagangstími 91

Enter-hnappur 8

Expert 17

### F

Fjarlægð kveikt 41

Fjarlægð slökkt 41

### G

Gagnaflutningur 70

GPS-Control 95

Akstursaðferð 96–97

Fjarlægð kveikt 41, 96

Fjarlægð slökkt 41, 97

Upplýsingar 51

GPS-móttakari 106

### H

Hlutabreidd 11–13, 47, 88

Hnappur

Aðgerðahnappur 8

Enter 8

ESC 8

kg-hnappur 8

KVEIKJA/SLÖKKVA 7

Örvahnappar 8

T-hnappur 7

Valmynd 8, 31

Hraði 20, 46, 50, 59

Kvörðun 55

Hraðtæming 36

Hugbúnaður

Útgáfa 28–29

### I

Innihaldsefni 41  
Innsláttur texta 83  
Eytt 83

### J

Jaðardreifing 41, 89

### K

Kerfi/prófun 36, 69–72, 74  
Birtustig 69  
Dagsetning 70  
Gagnaflutningur 70  
Heildargagnamælir 70  
Prófun/greining 69  
Skjámyndaval 69  
Stilling 69  
Tími 70  
Tungumál 69  
Viðhald 70  
kg-hnappur 8  
Kvörðun 55

### M

Magn  
Breyting 11, 54  
Magn sem er eftir 32  
Mælieiningar  
Breskar 79  
Metrakerfi 79

### N

Notkun 29–84  
Notkun valmynda  
Hnappar 8  
Tákn 14

### O

OptiPoint 50–97

### P

Prófun/greining 69, 74  
Álagsnemar 74  
Prófunarstaðir 74  
Skömmunarop 74–76  
Spenna 74  
Tæmingarskynjari 74  
TELIMAT 74  
Útrenslisstaður 74

### S

Sérstakir eiginleikar  
Innsláttur texta 83  
Síðbúin áburðargjöf  
TELIMAT 41  
Skjámyndaval 69, 72  
Skjár 7, 9  
Skjáreitur 11, 72  
Skömmunarop 11, 50  
Prófunarstaðir 74–76  
Staða 12–13  
Skrifað ofan í 83  
Spenna 74  
Spilduskrá 36, 67–68  
Eytt 68  
Skráningartákn 67  
Stilling 69  
Easy 16  
Expert 17  
Stjórn tölva  
Festing 21  
Hugbúnaðarútgáfa 28–29  
Kveikt 29  
Notkun 29–84  
Raðnúmer vélar 21  
Skjár 9  
Tenging 19–21  
Uppsetning 19  
Yfirlit yfir tengingu 22–27  
Stjórnun massastreymis  
Sjá „Eiginleikinn M EMC“

### T

Tákn  
Notkun valmynda 14  
Yfirlit 14  
Tæmingarskynjari 74  
TELIMAT 11, 74, 87  
Skynjari 106  
T-hnappur 7  
Teljari  
Heildargagnamælir 70  
Tengi  
Innstunga 19

Tenging 19, 21

Dæmi 22–27

Hraði 20

Rafmagnstenging 19

Tími 70

Tómagangsmæling 49, 90

Merki 61

Tungumál 69, 71

## **U**

Umferðateljari vigtunar 8

Upplýsingar 36

GPS-Control 51

Uppsetningarhæð 41

Útrennslisstaður 74

## **V**

Valmynd

Notkun valmynda 3, 8, 31

Valmyndarhnappur 8

Vélarstillingar 29, 36

Dráttarvél 54

Magn 54

Tómagangsmæling 61

Vinnslumáti 54

Venjuleg áburðargjöf 41

Viðhald 70

Vinnslumáti 54

AUTO km/h 59, 92

AUTO km/h + AUTO kg 58, 90

MAN km/h 59, 93

MAN-kvarði 60, 94

Vinnslumynd 9

Vog

Tara 32, 35

## **Y**

Yfirbreiðsla 80

Yfirlit yfir valmynd 16–17



## Ábyrgð

RAUCH-tæki eru framleidd með nútímalegum aðferðum og samkvæmt ströngum gæðakröfum.

RAUCH veitir því 12 mánaða ábyrgð að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- Ábyrgðin tekur gildi á kaupdegi.
- Ábyrgðin tekur til efnis- eða framleiðslugalla. Fyrir vörur frá öðrum (vökvakerfi, rafkerfi) takmarkast ábyrgðin við ábyrgð viðkomandi framleiðanda. Á ábyrgðartíma verða framleiðslu- og efnisgallar bættir að kostnaðarlausu með viðgerð eða sendingu varahluta. Aðrar bætur, í formi breytinga, viðgerða eða skipta á sködduðum hlutum, sem ekki eru hluti sendrar vöru, eru útilokaðar. Þjónusta í ábyrgð er veitt af viðurkenndum verkstæðum, fulltrúum RAUCH eða verksmiðju.
- Undanskildar ábyrgð eru afleiðingar eðlilegs slits, óhreininda og tæringar og allar bilanir sem orsakast af óviðeigandi meðhöndlun eða ytri þáttum. Ef viðgerðir eða breytingar á upprunalegri vöru eru gerðar á eigin spýtur fellur ábyrgðin úr gildi. Ábyrgðin fellur úr gildi ef ekki eru notaðir upprunalegir varahlutir frá RAUCH. Fara skal eftir notendahandbókinni hvað þetta varðar. Ef vafi leikur á um eitthvað atriði skal leita til fulltrúa framleiðanda eða beint til verksmiðju. Ábyrgðarkröfu verður að setja fram innan 30 daga frá því að galli kemur fram. Gefa skal upp kaupdag og vélarnúmer. Ábyrgðarviðgerð má verkstæði aðeins hefja eftir að hafa ráðfært sig við RAUCH eða opinberan fulltrúa þess. Ábyrgðartími framlengist ekki þótt viðgerð í ábyrgð fari fram. Tjón af völdum flutninga er ekki framleiðslugalli og því ekki á ábyrgð framleiðanda.
- Ekki er hægt að fara fram á bætur vegna tjóns sem verður á öðru en RAUCH-tækjunum sjálfum. Jafnframt er ekki veitt ábyrgð vegna tjóns sem hlýst af mistökum við dreifingu. Breytingar sem gerðar eru á RAUCH-tækjum á eigin spýtur geta leitt til tjóns sem fellur ekki undir ábyrgð söluaðila. Útilokun ábyrgðar söluaðila gildir ekki ef um ásetning eða vítavert gáleysi eiganda eða yfirstjórnanda hjá söluaðila er að ræða sem og í þeim tilvikum þar sem lög um skaðsemisábyrgð mæla fyrir um að þegar um ágalla á afhentum hlut sé að ræða skuli ábyrgð ná yfir heilsutjón eða tjón á munum sem notaðir eru í eigin þágu. Útilokun ábyrgðar gildir heldur ekki ef eiginleika vantar sem ábyrgst hefur verið að yrðu fyrir hendi hafi slíkt verið ábyrgst í því skyni að verja þann sem pantar gegn tjóni sem ekki hefur orðið á afhenta hlutnum sjálfum.


**RAUCH Streutabellen**  
**RAUCH Fertilizer Chart**  
**Tableaux d'épandage RAUCH**  
**Tabele wysiewu RAUCH**  
**RAUCH Strooitabellen**  
**RAUCH Tabella di spargimento**  
**RAUCH Spredetabellen**  
**RAUCH Levitystaulukot**  
**RAUCH Spridningstabellen**  
**RAUCH Tablas de abonado**



<http://www.rauch-community.de/streutabelle/>



**RAUCH Landmaschinenfabrik GmbH**

 Landstraße 14 · D-76547 Sinzheim

 Victoria-Boulevard E200 · D-77836 Rheinmünster



info@rauch.de · www.rauch.de

Phone +49 (0) 7221/985-0

Fax +49 (0) 7221/985-200